

57 metra rennibraut við sundlaugina



Það hefur mikið verið í gangi í fegrun og viðhaldi hjá Snæfellsbæ og íbúum hans, meðal þess sem var gert var að íþróttamannvirkin í Ólafsvík og nærumhverfi þeirra var snyrt og regnbogagatan máluð. Hluti af sætum stúkunnar við Ólafsvíkurvöll voru gölluð og var þeim skipt út fyrir ný auk þess að

stúkan var máluð.

Í sumar var fjárfest í tveimur infrarauðum saunaklefum sem eru staðsettir í sundlauginni, þar var einnig farið í framkvæmdir innanhúss í sumar til að bæta aðgengi fatlaðra og hreifihamlaðra, það var þó ekki eina framkvæmdin sem unnið hefur verið

að í sundlauginni, fjárfest var í glæsilegri rennibraut sem fyrirtækið ÞG Borg hefur unnið að uppsetningu á. Rennibrautin er 7,02 metrar á hæð og 56,88 metra löng og því nokkur vinna að setja hana saman og koma henni fyrir, einnig þarf nokkra útsjónarsemi við að koma vatni úr kjallara

sundlaugarinnar að rennibrautinni og er unnið við það þessa dagana. Vonir eru bundnar við að hægt verði að opna rennibrautina með haustinu en fyrir þá sem ekki geta bedið þá má geta þess að litla rennibrautin var opnuð í byrjun þessarar viku.

JÓ


FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímarpantanir í síma 436-1111

Hleðslu Ólafsvíkurréttar lokið



Undanfarin 9 ár hafa sjálfbóðaliðar og hleðslumenn unnið þrekvirki við endurhleðslu á Ólafsvíkurrétt. Nú í sumar lauk þeirri vinnu þegar síðasti steinninn var færður á sinn stað. Síðan 2014 hefur Guðrún Tryggvadóttir staðið að þessu átaksverkefni sem varðar endurhleðslu réttarinnar. Réttin var við það að hverfa undir gróður þegar Guðrún tók málin í sínar hendur, byrjaði söfnun og fékk mannskap í verkið. Að verkefninu kom teymi af öflugum

sjálfbóðaliðum og hleðslumönnum sem hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu menningararfsins. Þó svo að búið sé að hlaða dilkana þá á enn eftir að hreinsa innan úr dilkunum, leggja nýja mól og setja upp skilti. Meðfylgjandi myndir tók Lydia Rafnsdóttir.

Fjármögnun fyrir verkefnið er enn í fullum gangi og er hægt að leggja inn á reikning 190-15-380065 kt. 671108-1670.

JJ



Jökull á Issuu



Til að nálgast Jökul á netinu er hægt að skanna QR merkið hér að ofan með myndavélinni í símanum.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Heimaleikurinn tilnefnd til verðlauna

Heimaleikurinn, heimildamynd eftir Loga Sigursveinsson og Smára Gunnarsson, er tilnefnd til verðlauna á sænskri kvikmyndahátíð sem mun fara fram 21.-26. september næstkomandi. Nordisk Panorama fer fram í Malmö og eru fimm nýj-

ar íslenskar heimilda- og stuttmyndir tilnefndar. Heimaleikurinn fékk tilnefningu í flokknum „besta norræna heimildamyndin“ og verður spennandi að fylgjast með þegar úrslitin verða tilkynnt.

JJ



Afgreiðslugjaldkeri í Ráðhús

Snæfellsbær óskar eftir afgreiðslugjaldkera í 100% starf í afleysingum á skrifstofur bæjarins.

Starfið er tímabundið frá og með september 2023 til 31. október 2024. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

- Símsvörun og móttaka gesta í Ráðhúsið.
- Reikningagerð og greiðsla reikninga.
- Undirbúningur funda ef þörf er á og annað sem til fellur.
- Fulltrúi Sýslumanns í Snæfellsbæ.

Hæfniskröfur:

- Góð tölvuþekking (Word og Excel).
- Reynsla af bókhaldi er kostur.
- Reynsla af Navision æskileg, en þó ekki skilyrði.
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Geta til að starfa sjálfstætt og sýna frumkvæði og metnað í starfi.

Umsóknarfrestur til og með 4. september 2023.

Laun eru skv. gildandi kjarasamningum við Samband íslenskra sveitarfélaga. Snæfellsbær áskilur sér rétt til að ráða hvern sem er eða hafna öllum umsóknum. Nánari upplýsingar veitir bæjarritari í síma 433 6900 eða í netfanginu lilja@snb.is.



Golfklúbburinn Jökull í 4. deild að ári



Íslandsmót golfklúbba í 5. deild karla 2023 fór fram dagana 18.-20. ágúst á Silfurnesvelli á Höfn í Hornafirði. Alls tóku 7 golfklúbbar þátt.

Golfklúbburinn Jökull frá Ólafsvík sigraði Golfklúbb Hornafjarðar í úrslitaleiknum um sæti í 4. deild að ári. Golfklúbbur Álftaness varð

í þriðja sæti.

Golfklúbbur Álftaness lék gegn Golfklúbba Hornafjarðar í undanúrslitum, og Golfklúbburinn Jökull lék gegn Golfklúbba Hamars á Dalvík í hinum undanúrslitaleiknum.

Meðfylgjandi mynd er fengin af heimasíðu Gólfsambands Íslands.

Öflugir veiðimenn



Þessa dagana er flestir stærri bátarnir farnir að fara á sjó eftir sumarfrí, stutt er í kvótaáramót og nokkuð um að útgerðir hafi geymt nokkur tonn af kvóta til að veiða seinnihluta ágústmánaðar.

Það eru þó ekki bara atvinnusjómenn sem stunda veiðar því að þessir ungu piltar voru við veiðar á eldsneytisbryggjunni í Ólafsvík þegar ljósmyndari hitti

þá, þeir létu vel af veiðinni og sýndu stoltir nokkra kola sem komnir voru á land og einnig krabba sem þeir héldu á lífi í boxi með sjó.

Þetta eru Jón Arnar, Víkingur Elís, Hlynur Þór, Hrannar og Óli-ver Nói, sitjandi á bryggjunni er Viktor Örn.

JÓ

Fréttir af boltanum



Víkingar tóku á móti KFA á sunnudaginn í sannkölluðum sex stiga leik, en aðeins skildi eitt stig liðin að fyrir leikinn. Hvorugt liðið reið þó feittum hesti frá þessum leik þar sem þau gerðu jafntefli 0-0. Þegar fjórir leikur eru

eftir af mótinu er Dalvík/Reynir efstir með 35 stig og í öðru sæti er KFA með 32, þar á eftir eru ÍR og Víkingur bæði með 31 stig. Af þeim fjórum leikjum sem eftir eru á Víkingur eftir að spila við þrjú næstu lið deildarinnar, næsti

leikur er útileikur gegn Sindra á Hornafirði og er hann næstkomandi laugardag.

Reynir H. heimsótti Hörð Í á Ísafirði á laugardag, leiknum lauk með 10-0 sigri Harðar og er Reynir nú í áttunda sæti deildarinn-

ar með 7 stig, næsti og jafnframt síðasti leikur sumarsins verður á laugardag, spilað verður á ÍR vellinum gegn Létti. Léttir er einu sæti ofar en Reynir í A-riðli 5. deildar.

JÓ

Smástund í Grundarfirði

Ár hvert er bæjarhátíðin Á Góðri Stund haldin í Grundarfirði síðustu helgina í júlí með pompi og prakt. Í ár var hátíðin haldin í 25. sinn er þó með örlítið breyttu sniði og nú undir nafninu Smástund. Hátíðarfélag Grundarfjarðar hefur haft umsjón með hátíðinni síðustu 12 ár og á aðalfundi félagsins í mars síðastliðnum var tekin ákvörðun um að þessu sinni yrði hátíðin með aðeins hóflegri móti en áður en þó í góðu hófi. Stórdansleikir, skrúðgöngan og fleira heyrði því sögunni til en fjölbreytt dagskrá fyrir alla aldurshópa var í boði. Þó svo að Smástund hafi verið með breyttu sniði frá síðustu árum hafði það ekki áhrif á þátttökuna, bærinn iðaði af lífi og ungrum sem aldnir og heimamenn og gestir gæddu sér á kræsingum, hlustuðu á ljúfa tóna og skemmtu sér saman í blíðskapar veðri.

SJ



Fræðsluferð til Finnlands

Nú er sumarið að líða undir lok og börn og fullorðnir snúa aftur til skóla og vinnu eftir sólríka daga. Áður en haldið var aftur í hversdagsleikann gerði stór hópur starfsfólks Grunnskóla Snæfellsbæjar sér ferð til Helsinki, höfuðborgar Finnlands. Þar kynntu þau sér finnska menntakerfið, heimsóttu skólana Itäkeskuksen peruskoulu og Kantvikin koulu og fengu kynningu á hugmyndafræðinni „Sjá hið góða“. Sú hugmyndafræði gengur út á að sjá það jákvæða í fari einstaklinga og að koma auga á styrkleika þeirra. Þannig velur maður sér viðhorf til einstaklinga og ekki síst til síns sjálfs. Valið er að hugsa jákvætt, að einbeita sér að styrkleikum fólks og sjá tækifæri í þeim aðstæðum sem skapast hverju sinni. Slíkur hugsunarháttur getur verið krefjandi og þarfnast þjálfunar en næsta verkefni starfsfólks grunnskólans er að vinna úr ferðinni, ákveða hvað verður tekið upp úr henni og innleitt í Grunnskóla Snæfellsbæjar. Slík ferð þjappar fólki saman, það verða til margar góðar hugmyndir og minningar og er frábær leið til að hefja skólaárið. SJ



Félagsstarf í félagsheimilinu Klifi

Félagsstarf á vegum Snæfellsbæjar fyrir eldri borgara og öryrkja í Snæfellsbæ hefst **miðvikudaginn 6. september kl. 13 - 17 í félagsheimilinu Klifi.**

Ekki þarf að vera í Félagi eldri borgara til að mæta.

Rútan gengur frá Hellissandi eins og áður.

ALLIR VELKOMNIR

Endilega komið og höfum gaman saman.

Með kveðju,

Brynja 847-0309 & Gunna 847-7850



TÓNLISTARSKÓLI
SNÆFELLSBÆJAR

INNRIÐUN FYRIR HAUSTÖNN 2023

Innritun í skólavistun Tónlistarskóla Snæfellsbæjar fyrir haustönn 2023 **fer fram í Ólafsvík frá 17. ágúst til 27. ágúst.** Umsóknnum skal skilað á skrifstofu skólans að Hjarðartúni 6. Einnig er hægt að hringja í síma 433-9928 eða senda tölvupóst: tonlistarskoli@snb.is Nemendur sem eru að ljúka árið 2023 þurfa að staðfesta áframhaldandi skólavistun fyrir haust 2023, og ef breytingar eru á hljóðfæranámi. Kennsla hefst á mánudaginn 28. ágúst.

Samningur skal gerður við nemendur og forráðamenn um hljóðfæraleigu, þar sem m.a. eru skilmálar um meðferð hljóðfæra.

Hálft nám reiknast sem 60% af fullu gjaldi.

Í þeim tilvikum sem systkini yngri en 18 ára stunda nám við skólann skal veittur systkinaafsláttur. Systkinaafsláttur skal nema 25% fyrir annað systkini og 50% fyrir þriðja systkini. Afslátturinn reiknast ávallt af ódýrasta náminu.

Systkinaafsláttur á eingöngu við um systkini, ekki frændsystkini, þó svo lögheimili og greiðandi sé sá sami.

A.T.H.

Við innritun hefur forráðamaður skuldbundið sig, að greiða skólagjöld út önnina.

Gjaldskrá Tónlistarskóla Snæfellsbæjar má finna á vefsíðu Snæfellsbæjar.

*Bestu kveðjur
Skólastjóri Tónlistarskóla Snæfellsbæjar*

Frá Finnlandi í Staðarsveit

Emmi, 22 ára frá Oulu í Finnlandi stökk út í óvissuna þegar hún fékk vinnu á Íslandi í gengum Nordjobb. Hún vinnur á Gistiheimilinu Hof í Staðarsveit þar sem aðalverkefnið hennar eru ræstingar og að bera fram morgunverð en auk þess hefur hún fengið fjölbreytt verkefni á borð við að mála herbergi og útveggi. Hún býr hjá fjölskyldunni sem á gistiheimilið og hefur í gegnum þau fengið einstaka inn-sýn í íslenska menningu og nær-samfélagið.

Emmi þykir vænt um útsýnið frá nýja heimilinu sínu og hún er heilluð af nálægu ströndinni þar sem það eru alltaf selir að slappa af. Frá ströndinni sér hún stundum hvali synda fram hjá, hún heldur að það séu háhyrningar í leit að bráð. Hún hefur borðað hangikjöt með bestu lyst og smakkaði meira að segja hákarl, en hann sló ekki í gegn. Hún segir að hversdagslegur íslenskur nútímamatur sé ekki ólíkur matnum sem er borinn fram heima í Finnlandi.

Um veturna er hún í háskólanámi þar sem hún lærir sænsku og þýsku en yfir sumarið hefur hún fengið að njóta þess að búa á Íslandi. Hér byggir hún upp hæfileika í að bjóða gesti velkomna og eykur hæfni til að reka gistiheimili. Spurð um það hvort hún vilji halda áfram í hótélgeiranum svaraði hún að sig dreymdi um að opna sitt eigið gistiheimili í Finnlandi einn daginn.

Frá byrjun hefur Nordjobb boðið upp á stuðning og hjálpað með nytsamlegum upplýsingum um Ísland, lífið á Íslandi og samskipti við stofnanir. Hún segir að það sé góð tilhugsun að vita að það sé hægt að leita til Nordjobb ef það kemur upp vandamál eða misskilningur. Nordjobb býður upp á menningar- og frístundardagskrá hvert einasta sumar en þegar henni var boðin vinna á Snæfellsnesi vissi hún að það myndi vera erfitt að taka þátt í dagskránni vegna fjarlægðar.

Emmi hefur átt mörg ævintýri á Íslandi en meðal þeirra sem hún minnst best er Jónsmessuferðin upp á Snæfellsjökull þegar hún fór með samstarfsfólki sínu upp á toppinn og naut miðnætursólarinnar á heiðskírri nótt með útsýni í allar áttir. Hún fór í fyrsta skipti í reiðtúr frá því hún var 6 ára gömul með hestaleigunni á Stóra Kambi. Það þótti henni frábær leið til að upplifa náttúruna og síðan þá hefur hún verið hugfangin af hestum.

Dvölin á Íslandi hefur aukið sjálfsraustið hennar og skilning á mismunandi menningarheimum. Hún kann að meta félagsskapinn á Gistiheimilinu Hofi og landslagsið sem umlykur það. Þó að hún sakni gufubaðanna í Finnlandi og að sofa í sínu eigin rúmi þá hlakkar hún til þess sem eftir er af dvölinni á Íslandi og þeirra tækifæra sem bíða hennar til að dafna áður en að hún heldur heim aftur.

SJ



KVEÐJUMESSA
Grundarfjarðarkirkju
sunnudaginn
3. sept. kl. 13.00
Sr. Aðalsteinn Þorvaldsson
kveður söfnuðin
Veitingar í samkomuhúsi að
athöfn lokinni

Velkomin öll og alltaf

Skilafrestur í Jökul

Efni og auglýsingum í Jökul þarf að skila fyrir kl. 16, þriðjudag fyrir útgáfu.

Það er í lagi að skila fyrir.

Upplýsingar um auglýsingaverð
á www.steinprent.is



STEINPRENT

436 1617 - steinprent@simnet.is - steinprent.is

Umhverfissvottun í 14. sinn

Á dögunum hlutu sveitarfélög in á Snæfellsnesi umhverfissvottun EarthCheck fyrir frammistöðu í umhverfis- og samfélagsmálum 14. árið í röð. Starf umhverfissvottunarinnar er fjölbætt og að því kemur bæði starfsfólk sveitarfélaganna og samstarfsaðilar.

Hið árlega vottunarferli vegna umhverfissvottunar EarthCheck er umfangsmikið og ekki án áskorana, en það sem skiptir miklu máli er að sjálfbærnimarkmið og aðgerðir í samræmi við þau séu innlimuð í starfseminu og að flestir hagaðilar á svæðinu vinni saman með framtíð umhverfis og samfélags að leiðarljósi. Vöktun á auðlindanotkun, úrgangslausun og samfélagslegri stöðu, t.d. atvinnuleysi, íbúafjölda eða fjölda ferðafólks eru meðal þeirra atriða sem umhverfissvottunarverkefni sveitarfélaganna heldur utan um. Einnig eru önnur atriði metin sem stuðla að sjálfbærri þróun, t.d. aðgerðir gegn mengun og ágengum tegundum og gagnsæ samskipti við íbúa.

Óháður sérfræðingur metur árlega hvort gögn og starfsemi sveitarfélaganna uppfylli skilyrði endurnýjaðrar vottunar en kröfurnar sem þarf að uppfylla aukast með ári hverju. Hluti af úttektinni felur í sér að innviðir sveitarfélaganna eru teknir út, en aðeins er hægt að skoða hluta þeirra í hverri úttekt. Í nóvember síðast-



liðinn var gerð tveggja daga úttekt á starfsemi sveitarfélaganna á Snæfellsnesi, þar sem gögn fyrir árið 2021 voru metin og íþrótta-mannvirki, áhaldahús og gámasvæði heimsótt.

Vottunin í ár kemur eftir vinnu að úrbótum á ýmsum sviðum sveitarfélaganna, einkum mengunarvarna.

Það sem tekur við núna er gagnaðflun fyrir næstu úttekt, ýmis samstarfsverkefni með sveitarfélögum og hagsmunaaðilum og áframhaldandi vinna við að gera betur fyrir samfélag og náttúru Snæfellsness.

Á heimasíðu Umhverfissvottunar Snæfellsness, nesvottun.is, eru íbúar hvattir til þess að hafa samband ef þeir hafa hugmyndir og athugasemdir varðandi um-

hverfis- og samfélagsmál, sem snerta aðkomu sveitarfélaganna að ferðaþjónustu eða óska eftir frekari upplýsingum. Einnig segir þar að fyrirtækjum, stofnunum og samtökum sé velkomið að fá

kynningu á verkefninu, sem jafnvel væri sniðin að ákveðnu sviði innan umhverfis- og samfélagsmála.

JJ

Gunnar Karl og Ísak unnu Hreinsitæknirallið



Síðastliðna helgi fór fjórða umferð íslandsmótsins í rally fram á vegum Bifreiðaíþrótta-klúbbs Reykjavíkur. Líkt og kom fram í síðasta tölublaði Jökuls stóð mótið yfir frá föstudegi til sunnudags og var ekið um Suðurnes, Borgarfjörð og Snæfellsnes. Laugardaginn 19. ágúst var ræst inn á leið í Berserkjahrauni og var hún ekin tvisvar. Önnur leið dagsins var ræst frá Ólafsvík og lá yfir Jökulhálsinn og niður Eysteinsdalinn og því næst var ræst frá Arnarstapa þaðan sem bílarnir óku yfir Jökulhálsinn til Ólafsvíkur. Þessar leiðir voru svo keyrðar til baka og enduðu bílarnir í viðgerðarhléi við Sjoppuna í Ólafsvík um 16.00 áður en ræst var

inn á leiðina í Berserkjahrauni og var hún ekin þrisvar.

14 bílar mættu til keppni en upphaflega voru 21 bíll skráður, einum bíl var vikið úr keppni vegna brots á keppnisgreinarglum.

Í fyrsta sæti urðu Gunnar Karl Jóhannesson og Ísak Guðjónsson, í öðru urðu Birgir Guðbjörnsson og Daníel Jökull Valdimarsson og í þriðja sæti urðu Gedas Karpavicius og Titas Kauneckas. Allar þessar áhafnir óku Subaru Impreza, reyndar var það svo að í 10 efstu sætum voru 9 sem óku Subaru Impreza.

Meðfylgjandi mynd var tekin í viðgerðarhlé í Ólafsvík á laugardag.

SJ



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Forstöðumaður á Jaðri

Snæfellsbær auglýsir lausa til umsóknar stöðu forstöðumanns Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars í Ólafsvík.

Um 100% stjórnunarstarf er að ræða. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf mánaðarmótin september / október.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón og ábyrgð á fjárhagslegum rekstri heimilisins og mannauðsmálum.
- Umsjón og ábyrgð á umönnun heimilisfólks.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Hjúkrunarfræðimenntun, eða önnur menntun á sviði heilbrigðisvísinda eða önnur háskólamenntun, er æskileg en þó ekki skilyrði.
- Reynsla við stjórnun, starfsmannahald og rekstur á sviði heilbrigðisþjónustu er æskileg.
- Frumkvæði, metnaður og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Umsóknir berist bæjarstjóra Snæfellsbæjar, Klettsbúð 4 á Hellissandi eða á netfangið kristinn@snb.is. Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til og með 5. september.

Upplýsingar veitir Kristinn Jónasson, bæjarstjóri, í síma 433 6900 og Inga Jóhanna Kristinsdóttir, forstöðumaður Jaðars, í síma 433 6931 eða á netfanginu inga@snb.is.